

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1964

11. maí.

13

Nr. 11.

L Ö G

um ríkisborgararétt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Altmann, Walburga Maria Hedwig Theodora, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. desember 1926.
2. Ágestad, Gudmund, vélvirki á Selfossi, f. í Noregi 7. júní 1928.
3. Bagutti, Sonja Jolanda (Ólafsson), húsmóðir að Syðstu-Mörk í V.-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, f. í Sviss 12. okt. 1935.
4. Bat-Yosef, Miriam Hellerman, listmálari á Kirkjubæ I, Kirkjubæjarhreppi, f. í Ísrael 31. janúar 1931.
5. Demetz, Vincenzo Maria, söngkennari í Reykjavík, f. á Ítalíu 11. okt. 1912.
6. Grashoff, Christina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 26. marz 1926.
7. Jansen, Ruth Erna Margarethe, húsmóðir á Selfossi, f. í Þýzkalandi 10. ágúst 1934.
8. Jensen, Trond, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. september 1901.
9. Joensen, Frida, húsmóðir í Múla, Aðaldælahreppi, f. í Færeyjum 16. desember 1938.
10. Kidson, Peter George William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 24. maí 1919.
11. Klein, Siglinde Eleonore, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 30. janúar 1937. (Fær réttinn 23. júní 1964).
12. Kroll, Marga, húsmóðir í Króki í Grafningshreppi, f. í Þýzkalandi 13. desember 1934.
13. Larsen, Benny Heinrich, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 23. ágúst 1936.
14. Mooney, Carll Ingvar, nemandi í Ytri-Njarðvík, f. í Bandaríkjunum 17. nóvember 1945.
15. Neffe, Harald Albert, skósmíðanemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 13. janúar 1942.
16. Németh, Berta, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 30. maí 1927.
17. Németh, Wilmos, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 17. febr. 1928.
18. Olesen, Jörgen Faurholt, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 10. nóv. 1926. (Fær réttinn 30. apríl 1964).
19. Pedersen, Reidar Gunnar, skrifstofumaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. desember 1942.
20. Peschel, Ida Anna, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 20. desember 1918.

21. Peschel, Viktor Paul Walter, útlarpsvirki í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 12. maí 1944.
22. Rasmussen, Finn, útlarpsvirki í Reykjavík, f. í Danmörku 15. nóv. 1937.
23. Simonsen, Bjarnfrida, húsmóðir á Þingeyri, f. í Færeyjum 9. júlí 1924.
24. Stö, Asbjörn, garðyrkjumaður á Þórustöðum í Ölfushreppi, f. í Noregi 22. febrúar 1920.
25. Sönderskov, Harry, vélvirki í Hafnarfirði, f. í Danmörku 17. desember 1927.
26. Timmermann, Björk Sigrún, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 16. ágúst 1942.
27. Östlund, Pétur Davíð, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. desember 1943.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 11. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

91. gr. laganna orðist þannig:

Gjaldddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, þó 15. maí árið 1964, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmarkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur, og gildir það einnig um árið 1964. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að rétttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtt eða skrásetningarmarkis bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í ársbyrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.